

AUGLÝSING

um breytingu á svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025, Byggðalína-Kröflulína 3, Skútustaðahreppi.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. mars 2011 staðfest breytingu á svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025, frá 16. janúar 2008.

Breytingin felst í færslu fyrirhugaðrar Kröflulínu 3 í Skútustaðahreppi á svæðinu frá Kröflu til austurs þannig að hún muni liggja nokkuð norðar en nú er gert ráð fyrir í svæðisskipulaginu þar sem hún er sýnd samsíða Kröflulínu 2. Breytt fyrirkomulag er talið draga úr sjónrænum áhrifum línunnar séð frá ferðaleiðum.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 8. mars 2011.

Svandís Svavarsdóttir.

Íris Bjargmundsdóttir.

—————
B-deild – Útgáfud.: 24. mars 2011